

RE: Uglugata 40-46 – deiliskipulagsbreyting - Athugasemdafrestur er til 12. desember 2021

Til : Kristinn Pálsson;veitur@veitur.is <veitur@veitur.is>;Heilbrigðiseftirlit Mosfellsbæjar
Frá : Árni Davíðsson <arni@eftirlit.is>
Heiti : RE: Uglugata 40-46 – deiliskipulagsbreyting - Athugasemdafrestur er til 12. desember 2021
Málsnúmer : 202103039
Málsaðili : Uglugata 40 ehf.
Skráð dags : 04.11.2021 16:13:00
Höfundur : Árni Davíðsson <arni@eftirlit.is>

Sæll Kristinn

Heilbrigðiseftirlitið gerir engar athugasemdir við þessa deiliskipulagsbreytingu.

kveðja
Árni Davíðsson framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

sími 525 6797
www.eftirlit.is
Starfssvæði: Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær, Kjósarhreppur.

From: Kristinn Pálsson [mailto:kristinnp@mos.is]
Sent: fimmtudagur, 28. október 2021 12:13
To: veitur@veitur.is; Eftirlit
Subject: Uglugata 40-46 - deiliskipulagsbreyting - Athugasemdafrestur er til 12. desember 2021

Daginn, Mosfellsbær kynnir hér eftirfarandi skipulag til athugasemda og umsagna. Erindi þetta og fylgigögn verða aðeins send með rafrænum hætti nema óskað verði eftir öðru.

Uglugata 40-46 - deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að 6 eininga, tveggja hæða, raðhúsi við Uglugötu verði breytt í 8 eininga fjölbýli á tveimur hæðum. Í samræmi við nærliggjandi byggingar. Fjölbýlið þrepast í landi með tveimur utanáliggjandi stigahúsum, Uglugata 40 og 42. Tvö bílastæði fylgja íbúð. Aðrir byggingarskilmálar eða byggingarmagn breytist ekki. Tillagan er framsett á deiliskipulagsupprætti.

Gögn eru aðgengileg á vef Mosfellsbæjar, www.mos.is/skipulagsauglysingar, og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2 svo þau sem vilja get kynnt sér tillögur og gert við þær athugasemdir. Tillagan hefur verið kynnt bæði í Mosfellingi og Lögbirtingablaðinu. Athugasemdir skulu vera skriflegar og senda skal þær skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær. Þær má einnig senda með tölvupósti á undirritaðan kristinnp@mos.is eða á skipulag@mos.is.

Athugasemdafrestur er frá 28. október til og með 12. desember 2021.

Með kveðju,

Kristinn Pálsson
Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar

Sími: 525 6700

www.mos.is

Gildi Mosfellsbæjar:

Virðing - Jákvæðni - Framsækni - Umhyggja

[Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum](#)